

Fundargerð stjórnarfundar nr. 3 hjá Foreldrafélagi Flataskóla 2016-2017

Haldinn 23.1.2017 frá kl. 17:30-18:45

Mætt voru: Rebekka Sveinsdóttir formaður, Auður Finnbogadóttir ritari, Ingibjörg Áskelsdóttir varaformaður, Anna Ólöf Haraldsdóttir (Lóa) gjaldkeri, Katrín Gýmisdóttir, Ólafur Nils Sigurðsson, Ása Björg Tryggvadóttir fulltrúi í Grunnstoð.

1. Lágt hlutfall foreldra sem greiða valfrjálst gjald til foreldrafélagsins.
Formaður fór yfir það að innan við 20% útsendra greiðsluseðla hafi verið greiddir af hálfu foreldra. Seðlarnir voru sendir út í nóvember og koma inní netbanka undir valgreiðslur. Þetta er því ekki mjög auðsjáanlegt fyrir foreldra. Undanfarin ár hefur þetta hlutfall verið um 40% og því hefur orðið töluverð breyting á sem skerðir auðvitað svigrúm foreldrafélagsins til þess að taka þátt í því að gera eitthvað skemmtilegt fyrir skólabörnin. Ákveðið að minnast á þetta í nýjum öfréttum sem ritari mun senda af stað eftir fundinn og hvetja foreldra til dáða.
2. Niðurstöður bingós.
Bingóið gekk vonum frammar, allir voru glaðir og kátir og svo virðist vera sem meiri þátttaka hafi orðið við þá breytingu að skipta bingóinu á tvö kvöld, annars vegar fyrir yngstu deild-4.b og hins vegar fyrir 5.b-7.b. Hagnaður foreldrafélagsins varð um 500þús.kr. Þetta þýðir fleiri verkefni fyrir þá sem koma að skipulagningu, framkvæmd og útvegum verðlauna og kallar á aðkomu fleiri foreldra hverju sinni. Foreldrafélagið færir öllum þeim sem að bingóinu komu bestu þakkir fyrir að gera þetta mögulegt og öðrum fyrir góða mætingu.
3. Fundur foreldrafélaga í Garðabæ með Grunnstoð í vikunni.
Varaformaður mun mæta þar sem fulltrúi skólans til að fara yfir starf foreldrafélagsins og hlusta á og læra af reynslu annarra foreldrafélaga, aðrir stjórnarmenn reyna að mæta sem flestir. Stjórnarmenn voru sammála um að gott væri að ræða á þessum vettvangi þátttöku foreldra almennt í skólastarfi og hvort ástæða sé til þess að reyna að efla þann þátt, eða hvort það sé yfirhöfuð hægt.
4. Staða verkefna og fjármuna.
Formaður fór yfir stöðu á reikningi félagsins og stjórn ræddi möguleg næstu verkefni félagsins, s.s. árlega fjárveitingu til kynfræðslu 7. bekkjar, greiðslu lyftugjalda í skíðaferð, vorhátíð ofl. Áhugi var á því að bjóðast til þess að fá einn skemmtikraft í morgunstund barnanna fljótlega. Ákveðið var að formaður myndi hafa samband við skólastjóra til þess að fara yfir næstu verkefni og mögulegar breytingar á vorhátíð og páskaviðburði.
5. Önnur mál.
Formaður sagði frá því að 4.bekkur hefði verið fluttur í tvö smáhýsi á milli Garðaskóla og Flataskóla og að búið væri að setja upp betri lýsingu á gangbraut vegna þessa. Málið var rætt.

Fundi var slitið kl. 18:45

